

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1473
komudagur 8.3.2012

Reykjavík, 8. mars 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (320. mál).

Umboðsmaður skuldara hefur móttengið erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 5. mars 2012, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til breytingu á lögum um meðferð einkamála (320. mál).

Embætti umboðsmanns skuldara (hér eftir UMS) leggur ríka áherslu á að sú óvissa sem skapast hefur í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 verði til lykta leidd eins fljótt og auðið er.

Ágreiningsmál er varða lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla og þá sérstaklega álitæfni um hvaða vexti unnt er að beita um slíkar fjárskuldbindingar hafa almenna þýðingu og varðar stórfellda hagsmuni fyrir fjölda einstaklinga og lögaðila.

Til viðbóta við þau álitæfni sem nefnd eru í dæmaskyni í ofangreindu frumvarpi liggur fyrir að reyna mun þurfa á ýmis önnur atriði til að hægt sé að eyða þeirri óvissu sem skapast hefur í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011. Í dómi Hæstaréttar er til að mynda ekki fjallað um tilvik þar sem skilmálabreytingar hafa verið gerðar á lánum vegna vanskila. Álitæfni þegar skuldarar hafa fengið greiðslujöfnun, fengið lán sín fryst, greiðslufrestur verið veittur, þeir fengið að greiða fasta upphæð af hverri milljón eða farið í greiðsluskjól á grundvelli ákvæðis í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, eru enn óleyst. Mikilvægt er að réttarstaða þessara skuldara liggi fyrir sem fyrst. LEX lögmannsstofa hefur gert álitgerð fyrir Samtök fjármálafyrirtækja þar sem m.a. kemur fram að í þessum tilvikum sé ólíklegt að lántakar hafi verið í góðri trú um að greiðslur þeirra hafi falið í sér fullar og réttar efndir og þeir þar með öðlast ígildi fullnaðarkvittunar. Ljóst er að þessi túlkun er nokkuð þröng og hefur sætt gangrýni. Samkvæmt álitgjöfum er þó ennþá uppi vafi um þessi tilvik sem einungis er hægt að leiða til lykta fyrir dómstólum. Í dómi Hæstaréttar lítur rétturinn til ýmissa matskenndra atriða við beitingu á undantekningarreglu kröfuréttar um fullnaðarkvittun. Brýnt er að niðurstaða fáið sem allra fyrst um þau atriði sem rétturinn lítur til við mat á því hvort undantekningin eigi við. Álitæfni um þýðingu lengdar lánsskuldbindingar, hversu langt er liðið á lánstíma, fjölda afborgana, hvort lántaki hafi alltaf staðið í skilum og hvort fjárhæð viðbótarkröfu telst umtalsverð að teknu tilliti til upphaflegrar lánsfjárhæðar, eru því enn til staðar.

Hæstiréttur fjallar ekki um álitæfni sem fela í sér lögspurningu í skilningi 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sjá má dóm Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 í þessu samhengi þar sem Hæstiréttur tók ekki afstöðu til málsástæðu sóknaraðila um að ekki fengi staðist að vaxtaskilmálum umræddra lána yrði breytt aftur í tímann og að fyrirvaralaus móttaka greiðslu fyrir hverri afborgun væri fullnaðargreiðsla.

Ljóst er að mörg álitæfni um gengistryggð lán eru enn óleyst og viðbúið er að ýmis dómsmál þurfi til að leiða til lykta réttarstöðu þeirra aðila sem tóku ólögsmæt gengistryggð lán. Fordæmisgildi dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 er því takmarkað og mörg álitæfni enn til staðar. Til að mál þessi verði leyst sem fyrst og réttaróvissu eytt er nauðsynlegt að meðferð mála verði flýtt.

Í ljósi þeirra stórfelldu hagsmuna sem í húfi eru fyrir einstaklinga og fyrirtæki landsins er nauðsynlegt að tryggja skjóta úrlausn þeirra mála sem geta haft fordæmisgefandi áhrif á uppgjör gengistryggðra lána. Að mati UMS er æskilegast að lögfest verði ákvæði um flýtimeðferð mála sem varða lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla og hvernig fara skuli með vaxtagreiðslur lána sem fela í sér ólögsmæta gengistryggingu. Með þeirri leið væri stigið skref í rétta átt í þessum málum og áhersla lögð á að vilji sé til staðar að leysa úr þeim réttarágreiningi sem skapast hefur eins fljótt og auðið er. Sú tilhöggun að lögfesta umrætt ákvæði um flýtimeðferð væri til þess fallin að frekari trúverðugleiki myndi skapast út á við um áherslu þess að leiða nauðsynleg álitæfni um gengistryggð lán hratt og örugglega til lykta. Að mati UMS er þörf á því að það verði sýnilegt að málefni um gengistryggð lán séu sett í markvissan farveg enda er það óvissuástand sem til staðar er vegna þessara lána bagalegt fyrir skuldara gengistryggðra lána. Lögfesting á ákvæði um flýtimeðferð er einn þáttur í því að skuldarar geti treyst því að verið sé að vinna í þessum málum og þau sett í öruggan farveg.

Því hefur verið haldið fram að dómstólar geti forgangsraðað málum án lagabreytinga og því sé ekki þörf á því að lögfesta ákvæði um flýtimeðferð. UMS tekur fram að ekki er lagaheimild fyrir flýtimeðferð mála er varða gengistryggingu lána og því er ekki tryggt að ágreiningur sem enn er uppi verði leystur á skömmum tíma. Ágreiningurinn styðji nauðsyn þess að lögfest verði ákvæði um flýtimeðferð í lögum um meðferð einkamála. Flýtimeðferð verði ekki tryggð nema með lagasetningu.

Að framangreindu virtu telur UMS mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Ásta S. Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara